

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 11/1987. **Ídex Aps**

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

**Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf.**

(Jón G. Briem hdl.)

Skuldamál. Greiðsla. Vextir af skuld í erlendri mynt. Innheimtulaun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1987. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum danskar krónur 15.309,88 með 1,5% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta af mánuði frá 24. mars 1986 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi greiði honum aðra lægri fjárhæð þó aldrei lægri en danskar krónur 9.013,48 með vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi framseldi áfrýjandi kröfu sína til Den Danske Bank af 1871 A/S. Fram kemur í skjölum málsins, að 7. mars 1985 innleysti áfrýjandi kröfuna, en ekki verður séð, að stefnda hafi þá verið tilkynnt um það. Þegar stefndi greiddi í Landsbanka Íslands í Keflavík 20. febrúar 1986 hafði hann fengið innheimtubríf lögmanns áfrýjanda dagsett 28. janúar það ár, þar sem hann var krafinn um skuld við áfrýjanda að fjárhæð 28.027,00 danskar krónur, sem þá var sögð nema með vöxtum 36.544,41 krónu. Einnig var stefndi krafinn um 24.495,00 íslenskar krónur í innheimtulaun.

Eftir að áfrýjandi eignaðist á ný kröfuna á stefnda sem þá var í vanskilum, mátti hann kjósa, hvort hann innheimti hana sem almenna kröfu eða freistaði þess að innheimta víxil þann sem var hjá Landsbankanum í Keflavík. Þó að stefnda hafi ekki, það séð

verði, verið tilkynnt á annan hátt en með innheimtubréfinu, að áfrýjandi væri orðinn eigandi kröfunnar á ný, mátti hann ætla að svo væri, er honum barst bréfið. Stefndi gat eigi vænst þess að losna við greiðslu vaxta og innheimtulauna með greiðslunni 20. febrúar 1986. Ber að dæma hann til að greiða lögleyfða dráttarvexti af kröfum í erlendri mynt frá 24. júlí 1984 til 20. febrúar 1986 eins og nánar greinir í dómsorði og síðan vexti af þeim vöxtum til greiðsludags. Þá ber að dæma hann til að greiða áfrýjanda 14.000,00 krónur í innheimtulaun og 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., greiði áfrýjanda, Idex Aps:

Ársvexti af 28.027,00 dönskum krónum sem hér segir: 14% frá 24. júlí 1984 til 1. október 1984, 14,5% frá þeim degi til 1. febrúar 1985 og 15% frá þeim degi til 20. febrúar 1986, 15% af þessum vöxtum frá 20. febrúar 1986 til 1. apríl 1986, 14,5% frá þeim degi til 11. apríl 1986, 13% frá þeim degi til 21. maí 1986, 12,5% frá þeim degi til 21. september 1986, 14% frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 14,5% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 14,75% frá þeim degi til 1. mars 1987, 15% frá þeim degi til 1. maí 1987 og síðan til greiðsludags dráttarvexti af peningakröfum í erlendum gjaldeyri, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Að auki greiði stefndi áfrýjanda 14.000,00 íslenskar krónur í innheimtulaun og 40.000,00 íslenskar krónur alls í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Keflavíkur 14. október 1986.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. september sl., hefur Valgarð Briem hrl. f.h. Idex Aps, Bjerringbro, Danmörku höfðað fyrir bæjarþingi Kefla-

víkur gegn Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf., Íðavöllum 6, Keflavík með áskorunarstefnu birtri 22. febrúar 1986.

Við þingfestingu var mætt af hálfu stefnda og málinu vikið til venjulegrar meðferðar. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér danskar kr. 15.309,88 auk 1,5% dráttarvaxta pr. mánuð af þeirri fjárhæð frá 24. mars 1986 til greiðsludags auk málskostnaðar „frá þingfestingardegi til greiðsludags“ samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Skýrslu fyrir dóminum hefur gefið Þorvaldur Ólafsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnda.

## II.

Stefnandi keypti hurðæfni af stefnda hinn 24. apríl 1984 fyrir d.kr. 28.027,00. Á reikningnum er tekið fram um greiðsluskilmála að vera skuli „3 mdr. rentefri accept“. Að auki er þar letrað eftirfarandi: „Nærværende fakturabeløb er tiltransproteret: Den Danske Bank Bjerringbro Afdeling 8850 Bjerringbro hvorfor indbetaling kun med frigørende virkning kan ske til nævnte bank.“

Þorvaldur Ólafsson kvað aðila máls þessa hafa átt viðskipti frá árinu 1978 og hafi þau í þetta sinn orðið með venjulegum hætti, m.a. um það að við sölnu hafi verið ákveðið með hvaða hætti varan skyldi sendast og greiðast.

Ásamt vörureikningnum fylgdi frá stefnanda til Den Danske Bank víxill að fjárhæð d.kr. 28.027,00 með gjalddaga 24. júlí 1984. Den Danske Bank framsendi Landsbanka Íslands, Keflavíkurflugvelli, reikningskröfuna til innheimtu og framseldi honum jafnframt víxilinn. Vixillinn var áritaður um samþykki, stefndi fékk afhent greiðsluskjöl, greiddi síðan toll og fékk vöruna afhenta.

Valgarð Briem hrl. sendi stefnda hinn 28. janúar innheimtubréf þar sem krafist var greiðslu skuldar við stefnanda máls þessa að fjárhæð d.kr. 28.027,00 „aук vaxta skv. samningsskilmálum“, höfuðstóll og vextir samtals d.kr. 36.544,41 og innheimtubókunin ísl. kr. 24.495,00.

Skrifstofa lögmannsins var tilgreind sem greiðslustaður.

Hinn 20. febrúar 1986 greiddi stefndi umræddan víxil í Landsbanka Íslands, útibúi á Keflavíkurflugvelli, og var hann stimplaður sem greiddur. Einnig var gefin út sérstök greiðslukvittun. Þar kemur fram að innheimt hafi verið fyrir Den Danske Bank.

## III.

Í áskorunarstefnu var krafist greiðslu skuldar að fjárhæð d.kr. 28.027,00 auk 15% dráttarvaxta á mánuði eða hluta af mánuði af þeirri fjárhæð frá

24. júlí 1984 til greiðsludags og málskostnaðar. Sem málsástæða er tilgreint að stefndi hafi ekki fengist til að greiða fyrir vöruúttekt þá, sem um ræðir í málinu, þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Um lagarök er vísað til laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Í greinargerð, sem var lögð fram hinn 19. mars 1986 og hefur að geyma endanlegar dómkröfur stefnanda, er frá því skýrt, að hinn 5. mars 1986 hafi stefnanda borist frá stefnda upp í kröfuna d.kr. 28.078,11, sem sundurliðist þannig:

Málskostnaður þá áfallinn ísl. kr. 31.954,00 eða d.kr. 6.347,51. Vextir frá 24. júlí 1984 til 24. mars 1986 d.kr. 9.013,48. Af höfuðstól (d.kr. 28.027,00) d.kr. 12.717,12.

Sýknukrafa stefnda er reist á því að umstefnd skuld sé löngu greidd. Samþykkt víxilsins, sem stefnandi hafi sjálfur útbúið, hafi verið í samræmi við viðskiptaskilmála aðilanna. Með því hafi reikningsskuldin verið greidd og jafnframt sé víxillinn greiddur. Mótmælt er að nokkrir vextir eða málskostnaður hafi fallið á reikningsskuldina.

#### IV.

Við upphaf viðskipta aðila máls þessa lýsti stefnandi yfir á ótvíræðan hátt gagnvart stefnda, með áletrun á vörureikning að krafa samkvæmt honum væri framseld Den Danske Bank og að hinn nýi kröfuhafi væri einn réttur viðtakandi greiðslu. Reikningskrafan var síðan greidd með samþykkt víxils og hafði hann verið greiddur, er mál var höfðað.

Grundvöllur kröfugerðar stefnanda er sá að honum beri endurgreiðsla innheimtubóknunar og dráttarvextir úr hendi stefnda.

Stefndi var í góðri trú um að sér væri rétt að virða innheimtubréf lögmanns stefnanda að vettugi og að greiðsla til stefnanda mundi ekki leysa hann undan skuldbindingum vegna viðskiptanna. Vixillinn var enn til innheimtu í Landsbaka Íslands og hafði innheimtunni ekki verið fylgt fram með slíkum hætti að hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda yrði virkt að nýju. Verður því ekki fallist á að stefnanda beri endurgreiðsla innheimtubóknunar úr hendi stefnda.

Í viðskiptum aðilanna var ekki samið um dráttarvexti. Ekki er upplýst hver fyrirmæli um vexti, ef einhver voru, fylgdu innheimtubeiðnum til Landsbanka Íslands. Óumdeilt er hins vegar, að stefndi stóð bankanum full skil umkrafðrar fjárhæðar. Á kröfur stefnanda í máli þessu, sem höfðað er til heimtu skuldar vegna vörureiknings, verður ekki fallist að því marki sem þær hafa í raun að geyma kröfu um ætlaða vangreidda vexti af víxli þeim sem um ræðir í málinu.

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framangreindu sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að

greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

**D ó m s o r ð :**

Stefndi, Trésmiðja Þorvaldar Ólafssonar hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Idex Aps.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað kr. 25.000,00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 12/1987. **Dansk Finér-Center A/S**

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

**Trésmiðju Þorvaldar Ólafssonar hf.**

(Jón G. Briem hdl.)

Skuldamál. Aðildarskortur. Sýkna.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. janúar 1987. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum danskar krónur 20.330,18 með 1,5% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði frá 1. mars 1986 til greiðsludags. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar þó eigi lægri en 11.304,25 danskar krónur ásamt vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.